



527. fundur Þingvallanefndar

15. apríl 2026 kl 11:30-13:00

Vatnskoti fimmtu hæð

Smiðja

Mætt: Sigurður Helgi Pálmason formaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir varaformaður, Jón Gnarr, Eydís Ásbjörnsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Karl Gauti Hjaltason, Sigurður Ingi Jóhannsson.

1. Tónleikar Kaleó – staða undirbúnings og viðbrögð

Þjóðgarðsvörður fer almennt yfir stöðu verkefnisins og undirbúning. Öryggisráð fundar vikulega og hafa verið vettvangsferðir til Þingvalla. Viðburðarhaldari hefur verið í reglulegu sambandi við þjóðgarðsvörð til að upplýsa hann um stöðu mála. Rætt um athugasemdir/erindi frá Birni Bjarnasyni fyrrverandi formanni Þingvallanefndar, Álfheiði Ingadóttur fyrrverandi formanni Þingvallanefndar og Hjörleifi Guttormssyni fyrrverandi nefndarmanni í Þingvallanefnd í tengslum við fyrirhugaðan viðburð í þjóðgarðinum þann 20. júní 2026. Þingvallanefnd ákvað á fundi nefndarinnar þann 23. mars 2026, að samþykkja fyrirleggjandi beiðni um viðburð í þjóðgarðinum þann 20. júní 2026. Beiðnin var samþykkt, í samráði við forsætisráðuneytið, með ströngum skilyrðum, á afmörkuðu svæði innan þjóðgarðsins, að mjög vel athugðu máli. Þingvallanefnd hefur væntingar til þess að viðburðurinn fari vel fram, muni laða að fjölda Íslendinga og annarra gesta, vekja áhuga og athygli á þjóðgarðinum, menningu og náttúru staðarins. Þessi viðburður gefur ekki fyrirheit um að aðrir sambærilegir viðburðir muni verða haldnir í þjóðgarðinum og mun framhaldið byggjast á því hvernig til tekst, í umrætt sinn, með hagsmunum þjóðgarðsins alfarið að leiðarljósi. Þingvallanefnd mun ekki bregðast frekar við framkomnum athugasemdum og erindum.

2. Kynning á kvikmyndaverkefni um Jónas Hallgrímsson skáld, orðasmið og náttúrufræðing

Gestur: Elín Hirst og Jónasar Hallgrímshópurinn.

Elín Hirst ásamt gestum kynnrir Þingvallanefnd gerð heimildarmyndar um Jónas Hallgrímsson, ævi og störf og áhrif hans á íslenskt samfélag og menningu.

Þingvallanefnd þakkar fyrir góða og áhugaverða kynningu.

Fundi slitið